

19.apríl 2021

Skýrsla vegna styrks úr kennslumálasjóði 2018 A-leið

Vorið 2018 hlaut ég styrk úr kennslumálasjóði vegna verkefnisins: **Hádegissamráðsfundir um kennslumál á HVS (kennsluspjall)**. Þá um haustið 2018 skipulagði ég kaffifundi með nokkrum deildum heilbrigðisvísindasviðs. Efnið sem varð fyrir valinu var: Námsmat og endurgjöf. Ástæða þess var sú að nemendur hafa löngum kvartað yfir því að endurgjöf sé af skorum skammti og ekki gagnleg, ekki síst þar sem hún skili sér oft mjög seint (sbr. Ánægjukannanir Félagsvísindastofnunar). Samráðsfundirnir voru byggðir upp þannig að í upphafi var stutt fræðsluinnlegg um tilgang endurgjafar og mikilvægi góðra námsmatsaðferða og síðan umræður. Þessir samráðsfundir héldu áfram 2019, ýmist í formi hádegis- eða kaffispjalls.

Á árinu 2020 voru þessir fundir með nokkuð öðru sniði, þar sem fræðsla og umræður snerust oftar um lausnir í kennslu og námsmati vegna Covid, allt ZOOM fundir. Þá vék stundum kennslufræðileg umræða fyrir praktískum leiðum til að vinna með Zoom, Teams, Canvas og Inspira, t.d. var sér kennsluspjall um áskoranir í Canvas. Þó tókum við fyrir efnið: Aðlögun námsmats á tímum Covid sem við skipulögðum eins og vendifund (sbr. vendikennsla), en þá horfðu kennarar á myndband sem ég og Guðrún Geirsd. hjá Kennslumiðstöð höfðum sett saman og síðan var spjallað um málið. Mikið álag var á kennurum og stoðþjónustu HVS að leiðbeina og styðja kennara í starfi. Oft þurfti að hitta kennara einslega til að leiðbeina með námskeið vegna breyttra aðstæðna.

Á árinu 2021 hefur ZOOM kennsluspjall fjallað m.a. um kennsluhætti í Covid, og einnig var annað kennsluspjall um hvað við tókum með okkur úr Covid tímabilinu, þ.e. hvernig það muni hafa áhrif á kennsluhætti framtíðarinnar, bæði kennslu- og námsmatsaðferðir. Þessi hafa verið sameiginleg, s.s. fyrir Heilbrigðisvísindasvið í heild. Þessar vikur erum við að sigla inn í hefðbundnara kennsluspjall, en á miðvikudag 21.apríl verður hádegisspjall um prófahald fyrir allt sviðið, þar sem spurt er m.a. spurninganna: Hvað gerir próf og annað námsmat áreiðanlegt (reliable) og réttmætt (valid)? Hvernig vel ég námsmatsaðferð? Hver eru einkenni góðra prófaspurninga? Þann 3. og 10.maí verður kennsluspjall fyrir hóp í læknadeild, það fyrra um einkenni góðra fyrirlestra og seinna um virka kennsluhætti. Síðasta kennsluspjall misserisins verður síðan fyrir allt sviðið 21.maí um góða og skilvirka endurgjöf.

Kennsluspjall er komið til að vera og hefur breiðst út víðar. Kennarar hafa mikla þörf fyrir að ræða kennsluhætti sína en lítið tækifæri hefur gefist til slíkrar iðju. Kennsluspjall virðist vera góður vettvangur skoðanaskipta og kennurum finnst gagnlegt að deila þekkingu og reynslu úr kennslu. Með tímanum ætti þessi starfsemi að þróast út í að verða raunverulegt lærdómssamfélag (community of practice), þar sem það verður kennurum eðlilegt að ræða kennslu sína til jafns við rannsóknir, og gætu þá hugsanlega gert gagnlegar rannsóknir á sinni eigin kennslu (starfendarannsóknir). Áætlað er að kennsluspjall muni fara fram ekki sjaldnar en mánaðarlega fyrir sviðið í heild, en síðan hittist minni hópar innan deilda þess á milli. Auk þess að koma á kennsluspjalli hefur verið opnuð “Kennarastofa HVS” á Canvas, en þar eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir kennara, s.s. varðandi kennsluakademíu, kennslumálasjóð, og starfsemi kennslumálanefnda auk efnis af kennslufræðilegum toga. Í “Kennarastofu HVS” á Facebook birtast síðan ýmis fræðslumyndbönd og fréttir um kennslumál. Með þökk fyrir veittan styrk!

Virðingafyllst, Ásta B. Schram, lektor og kennsluþróunarstjóri HVS